

Borgarstjórn Reykjavíkur 6. júní 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Borgarstjórnin í Reykjavík verði kjörin í beinni kosningu

Borgarstjórn samþykkir áskorun til dómsmálaráðherra annars vegar og innviðaráðherra hins vegar um að þeir hafi frumkvæði að því að breyta viðeigandi ákvæðum laga svo að frá og með sveitarstjórnarkosningum vorið 2026 verði borgarstjórnin í Reykjavík kjörin beinni kosningu.

Greinargerð

Borgarstjórnin í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Með framlagningu þessarar tillögu í borgarstjórn er efnt til umræðu um kosti þess og galla að borgarstjórnin verði kjörin milliliðalaust af kjósendum. Að baki tillögunni búa m.a. lýðræðisrök en flokkur núverandi borgarstjóra hefur 20,29% atkvæða á bak við sig og sá sem tekur bráðum við embættinu hefur enn lægra atkvæðamagn á bak við sig, 18,73%. Þetta eru á meðal lægstu talna af þessu tagi í sögu borgarstjórnar Reykjavíkur. Lýðræðishallinn sem af þessu leiðir veikir umboð þess einstaklings sem gegnir embætti borgarstjóra.

Til lengri tíma litið er ætlunin með tillögunni að hamlar gegn pólitískum hrossakaupum um embætti borgarstjóra að borgarstjórnarkosningum loknum.

Tillagan gengur einnig út á að auka kosningaþátttöku en hún hefur verið að dragast saman, var 61,11% vorið 2022 en var áður fyrr að jafnaði um eða yfir 80%.

Svo að efni tillögunnar geti náð fram að ganga fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar vorið 2026 þarf að breyta lögum. Þess vegna er það form á tillögunni að hún feli í sér áskorun til viðeigandi ráðherra að beita sér fyrir því að vinna hefjist við að breyta lögum, þ.e. aðallega kosningalögum nr. 112/2021 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Kjósendur í Reykjavík ættu því að geta kosið sér borgarstjóra milliliðalaust frá og með sveitarstjórnarkosningum í maí 2026.

Fræðilega séð koma margar útfærslur til álitu við að tryggja milliliðalaus aðkomu kjósenda að vali einstaklings í æðsta embætti borgar. Mikil alþjóðleg reynsla er til staðar hvernig haga eigi svona kosningum og með hvaða hætti nauðsynlegt er að byggja upp stjórnkerfi borgar samfara beinum kosningum í embætti borgarstjóra.

Tillagan er því ekki sett fram í alþjóðlegu tómarúmi. Sem dæmi var hinn 22. mars. sl. haldið áhugavert málþing á vegum Evrópuráðsins í Strassborg í Frakklandi um kosti þess og galla að hafa beina kosningu til embættis borgarstjóra. Á málþinginu voru margvísleg sjónarmið reifuð, með og á móti beinum kosningum til embættis borgarstjóra en þetta fyrirkomulag þekkist víða, svo sem á Englandi, Þýskalandi, Ítalíu, Grikklandi, Póllandi og Króatíu. Á Norðurlöndum hins vegar er ekki vitað til þess að borgarstjóri sé kjörin í beinni kosningu.

Verði áskorunin samþykkt á vettvangi borgarstjórnar og viðeigandi ráðherrar taka vel í hana, verður að hefja vinnu til að geta útfært hvernig haganlegast sé að breyta lagareglum. Þannig verður tryggt að kjósendur í langstærsta sveitarfélagi landsins, Reykjavík, geti sjálfir, án milliliðs, valið sér borgarstjóra.